

Reglur Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu

I. kafli

Almennt um stuðningsþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25. - 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skulu sköpuð skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Félagsleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, sem tekur mið af þörfum notanda.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Einstaklingsstuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku.

Einstaklingsstuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að létta álagi af heimilinu.

- d) *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að borða í mötuneytum eldri borgara.
- e) Hópstuðningur er stuðningur sem veittur er í hópi, þegar við á, að höfðu samráði við viðkomandi einstakling.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef ástæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram með skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir.

II. kafli

Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum:

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef um er að ræða stuðning við barnafjölskyldur vísast til reglna Hafnarfjarðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hafnarfirði þegar sótt er um. Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Hafnarfjarðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur skrái lögheimili sitt í Hafnarfirði þegar stuðningur hefst.
- c) Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar, sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga að jafnaði ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum. Fatlað fólk, sem er yngra en 67 ára, og býr á hjúkrunarheimili eða stofnun, þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum þegar sérstakar ástæður eru til staðar.
- d) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr. reglna þessara.

III. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Umsókn um stuðningsþjónustu er aðgengileg á mínum síðum hjá heimasíðu Hafnarfjarðar. Umsókn er lögð fram af hálfu einstaklings, sem óskar eftir stuðningi, eða eftir atvikum starfsfólki heilbrigðis- og/eða velferðarþjónustu.

Að fenginni umsókn um stuðningsþjónustu er umsækjanda boðið viðtal eða vitjun. Ráðgjafi metur stuðningsþörf umsækjanda skv. 7. gr. reglnanna og veitir ráðleggingar um þá þjónustu sem getur komið til móts við þarfir viðkomandi.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn og upplýsingaöflun

Við undirritun umsóknar er umsækjandi upplýstur um heimild fjölskyldu-og barnamálasviðs til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá umsækjanda og öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Umsókn um stuðningsþjónustu er metin af stuðnings- og stoðþjónustuteymi og haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn berst. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda á heimili hans eða á öðrum vettvangi í samráði við hann. Við matið er m.a. horft til þeirra atriða sem fram koma í fylgiskjali 1 með reglum þessum. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar og taka mið af þörfum og aðstæðum fjölskyldu umsækjanda. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs. Við mat á stuðningsþörf skal einnig taka mið af mati samkvæmt viðeigandi matstækjum.¹

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs, til þess að hann geti búið heima, bjargað sér sjálfur, verið félagslega virkur og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem umsækjandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Við forgangsröðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali 2 með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt og niðurstaða RAI HC mats er 1 eða 2 er umsóknin tekin fyrir á fundi stuðnings- og stoðþjónustuteymi og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af stuðnings- og stoðþjónustuteymi er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist.

Þegar um er að ræða stuðning vegna veikinda skal ætíð leitast við að meta, skipuleggja og samhæfa stuðning með fagaðilum heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir umsækjanda.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi ber að synja umsókninni.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna og þjónustu

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara um stuðningsþjónustu, raðast umsókn í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda og forgangsröðun í stuðningsþjónustu, sbr. fylgiskjal 1 og 2 með reglum þessum.

¹ s.s. COPM mat (Canadian Occupation Performance Measure) og RAI mat (Inter Resident Assessment Instrument-Home Care).

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist.

9. gr.

Áætlun um framkvæmd stuðnings

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um framkvæmd stuðnings svo sem þjónustusamningur, stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi. Ekki er gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlismaður/ sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda

Í áætlun skal að lágmarki koma fram:

- Markmið með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími áætlunar.
- Notkun húslykla notanda.
- Upphæð útlagðs kostnaðar starfsmanna.

IV. kafli

Framkvæmd

10. gr.

Gjaldskrá

Greitt er fyrir stuðning við heimilisþrif og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilisþrif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

11. gr.

Tími og umfang stuðnings

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur milli kl. 07:00 og 24:00. Almennt er stuðningsþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs og einstaklingsstuðningur í samræmi við þarfir heimilisins.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum. Í samræmi við 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 er gert ráð fyrir því almenna viðmiði að hámark veittrar aðstoðar geti numið allt að 15 klukkustundum á viku.

12. gr.

Breyttar aðstæður og endurmat

Notanda, aðstandendum, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni, eftir atvikum, ber að upplýsa fjölskyldu- og barnamálasvið um breytingar á högum sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða stuðningsþörf og áætlun um framkvæmd stuðnings.

Leitast skal við að meta og skrá árangur stuðningsþjónustu með reglubundnum hætti.

V. kafli.

Ýmis ákvæði

14. gr.

Kostnaður

Notanda ber að greiða fyrir sig allan þann kostnað sem hlýst af því að stuðningsþjónusta er veitt.

Fjölskyldu- og barnamálasvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað vegna stuðningsþjónustu. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið stofnunar.

Stofnun greiðir starfsmanni bifreiðastyrk samkvæmt samningi um afnot einkabíls. Miðað skal við hámarksfjölda kílómetra á mánaðargrunni, sbr. viðmið stofnunar. Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins um kílómetragjald hverju sinni.

15. gr.

Ferðir

Að meginstefnu skal nota almenningsgöngur þegar stuðningsþjónusta er veitt utan heimilis.

16. gr.

Lyklar notanda

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill geymdur á starfsstöð stuðningsþjónustu. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Sé um raflása að ræða gildir það sama.

17. gr.

Vinnuaðstæður

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.

Vinna starfsmanna í stuðningsþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf notandi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.

Starfsmönnum er óheimilt að sinna einkaerindum í starfi nema nauðsyn beri til. Einnig er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur gangast inn á að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu.

VI. kafli.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

18. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

19. gr.

Málshraði

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef fjölskyldu- og barnamálasviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Fjölskyldu- og barnamálasvið skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

20. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við aðstandendur hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann eftir því sem við á.

21. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stuðningsþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

22. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

23. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr.77/2014.

24. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasvið bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

25. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasvið tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs.

26. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun fjölskyldu- og barnamálasvið til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda bréflega og aftur kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs.

28. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann **1. XXXX 2022**. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um félaglega heimþjónustu 26. janúar 2018 og reglur um liðveislu fatlaðs fólks 1.júlí 2004

Bráðabirgðaákvæði II

Sveitarfélag vinnur að gerð reglna um notendasamninga, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skal þeirri vinnu lokið eigi síðar en 1.maí 2022

Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu.

Við mat á stuðningsþörf skal m.a. horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis:

1. Félagslegar aðstæður

- a. Tengslanet
- b. Heimilisaðstæður
- c. Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum

2. Samfélagsleg þátttaka og virkni

- a. Atvinna/Nám
- c. Tómsundur/áhugamál/félagsstarf
- f. Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni

3. Félagsleg færni

- a. Samskiptafærni
- b. Ákvörðunartaka
- c. Vinna í hópi
- d. Annað sem snýr að félagslegri færni

4. Styrkleikar

- a. Styrkleikar umsækjanda

5. Athafnir daglegs lífs

- a. Daglegar athafnir
- b. Svefn
- c. Næring
- d. Persónulegt hreinlæti
- e. Heimilishald
- f. Hjálpartæki
- g. Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs

6. Heilsa

- a. Andleg heilsa
- b. Líkamleg heilsa
- c. Lyf
- d. Óþol/ofnæmi
- e. Annað sem snýr að heilsu

7. Hegðun

- a. Hegðunarvandi
- b. Ofbeldi
- c. Sjálfskaðandi hegðun
- d. Fíknivandi
- e. Annað sem snýr að hegðun

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu í dag, stuðningsþarfar og núverandi stuðnings, hvort sem hann er veittur af sveitarfélagi eða öðrum aðilum.

Fylgiskjal 2

Forgangsróðun samkvæmt reglum Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og heilsufar
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanet
- Samfélagsþátttöku og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur

Skilgreiningar á þjónustubáttum:

Stuðningur við athafnir daglegs lífs, sem tekur mið af þörfum notanda. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl .

Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.

Einstaklingsstuðningur sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku. Félagslegur stuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að létta álagi af heimilinu.

Flokkur 1

Þjónusta hefst strax og hefur forgang. Má ekki falla niður.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Forsendur:

Þau sem þurfa daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.

Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Þau sem hafa fengið samþykkt færni- og heilsumat.

Flokkur 2

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskyni. Viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum.

Forsendur:

Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda.

Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.

Þau sem eru félagslega einangruð.

Flokkur 3

Reglubundin þjónusta. Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oft en í tvö skipti samfellt. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir

félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis vegna félagslegrar einangrunar eða í forvarnarskygni. Markmiðið er að styðja notanda til sjálfhjálpur og félagslegrar þátttöku. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum.

Forsendur:

Þau sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.

Þau sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.

Flokkur 4

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oft en í tvö skipti samfellt. Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

Forsendur:

Þau sem eru sjálfbjarga og félagslega vel sett en þurfa leiðbeiningar, þjálfun eða stuðning.

Þau sem eingöngu þurfa aðstoð við heimilisþrif eða óverulegan félagslegan stuðning.